

BORGARRÁÐ 25. maí 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verðpak ráðgjafakaupa starfshópa - MSS23050154

Flokkur fólksins spyr hvort verðpak sé sett á hvað starfshópar geta keypt sér mikla ráðgjöf frá ráðgjafarfyrirtækjum og sé svo, hver er sú upphæð? Í öllum erindisbréfum sem gefin eru út af borgarstjóra er kafli sem ber titilinn Til ráðgjafar og samstarfs og segir í honum að “Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá lykilaðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu” Nú má ætla að í starfshóp sé gjarnan valið fólk sem er með þekkingu og jafnvel sérþekkingu á viðfangsefni því sem hópurinn á að fjalla um. Í gegnum árin hafa tugir milljóna ár hvert streymt til ráðgjafafyrirtækja vegna ýmissa verkefna og skýrslna. Þar sem ekki eru til peningar um þessar mundir í borgarsjóði telur fulltrúi Flokks fólksins að setja þurfi bremsu á utanaðkomandi ráðgjafarkaup. Í borgarkerfinu er mikill mannauður og vanti starfshópi sérfræðiupplýsingar má án efa leita til starfsmanna borgarinnar sem eru einmitt ráðnir til starfa vegna sinnar þekkingar og sérþekkingar. Stafsmenn eru einmitt fólk sem gæti tekið að sér megnið af þeim verkefnum sem ráðgjafarfyrirtæki hafa fengið inn á sín borð fram til þessa og rukkað fyrir háar upphæðir. Hér þarf að gæta hófs og hleypa ekki ráðgjafarfyrirtækjum að taumlaust.